

**Samningur um Evrópska
efnahagssvæðið**

Sameiginlega EES-nefndin

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

**nr. 87/97
frá 9. desember 1997**

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) og
IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður
með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á
eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar
nr. 33/96 frá 5. júní 1996⁽¹⁾.

IV. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar
nr. 81/97 frá 12. nóvember 1997⁽²⁾.

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 96/57/EB frá 3. september 1996 um kröfur um
orkunýtni rafknúinna kæliskápa, frystiskápa og sambyggðra kæli- og frystiskápa til
heimilisnota⁽³⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður komi aftan við 4. lið (tilskipun ráðsins 92/75/EBE) í IV. kafla II.
viðauka við samninginn:

„5. **396 L 0057:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 96/57/EB frá 3. september
1996 um kröfur um orkunýtni rafknúinna kæliskápa, frystiskápa og sambyggðra
kæli- og frystiskápa til heimilisnota (Stjtið. EB nr. L 236, 18. 9. 1996, bls. 36).”.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 237, 19. 9. 1996, bls. 25 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 41, 19. 9. 1996, bls. 9.

⁽²⁾ Hefur enn ekki verið birt.

⁽³⁾ Stjtið. EB nr. L 236, 18. 9. 1996, bls. 36.

2. gr.

Eftirfarandi liður komi aftan við 12. lið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB) í IV. viðauka við samninginn:

„13. **396 L 0057:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 96/57/EB frá 3. september 1996 um kröfur um orkunýtni rafknúinna kæliskápa, frystiskápa og sambyggðra kæli- og frystiskápa til heimilisnota (Stj tíð. EB nr. L 236, 18. 9. 1996, bls. 36)⁽¹⁾.

⁽¹⁾ Eingöngu skráð hér í upplýsingaskyni; hvað varðar beitingu sjá II. viðauka, Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun.

3. gr.

Fullgiltur texti tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 96/57/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 10. desember 1997, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 9. desember 1997.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

E. Bull

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik

E. Gerner